

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 460/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Inga Sörensen

(Othar Örn Petersen hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring.
Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, Inga Sörensen, með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1989 og jafnframt af hálfu ákærvalds, að því er hann varðar, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um upptöku, en aðrir dómfelldu una dómi.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

I.

Svo sem fram kemur í ákæruskjali, var ákærði handtekinn 28. júlí 1989. Að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærða með úrskurði fulltrúa sakadómarans í ávana- og fikniefnamálum, uppkveðnum 29. júlí s.á., gert að sæta gæsluvarðhaldi til 29. ágúst 1989 á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ríkissaksóknari krafðist þess 28. ágúst 1989 með vísan til 2. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærða yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi. Með úrskurði, uppkveðnum af sakadómaranum í ávana- og fikniefnamálum 29. ágúst s.á., var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 27. október 1989 á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þó svo, að létt var af ákærða einangrun í gæsluvarðhaldsvist þannig, að hann nyti réttarstöðu afplánunarfanga, sbr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fanga-

vist. Úrskurður þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar 5. september 1989.

Ákæra í málinu var gefin út 13. september 1989.

II.

Það ákvæði 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, sem sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum vísaði til í úrskurði sínum 29. ágúst 1989 um gæsluvarðhald ákærða, hljóðar svo:

„Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun.

Gæsluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

— — —
4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.“

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins ber dómara að meta, hvort ætla megi, að sakborningur hafi framið brot, sem varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Í 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarasæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974.

III.

Á árinu 1953 var fullgiltur fyrir Ísland Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er hann oftast nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu. Segir m.a. í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli ...“

Umræður á Alþingi um sáttmála þennan, þegar hann var þar til meðferðar, gefa til kynna, að svo hafi verið litið á við fullgildingu hans, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn þá var skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið

nánar skýrð við meðferð kærumála hjá mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarrétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

Með dómi 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 og dómi 2. þ.m. í málinu nr. 31/1990 taldi Hæstiréttur Íslands, að skýra bæri áður-greindan 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu.

IV.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hinn 23. október 1989, strax eftir að héraðsdómur var kveðinn upp í málinu, var af hálfu ákærvalds gerð sú krafa, að gæsluvarðhaldsvist ákærða yrði framlengd allt til 2. júlí 1990. Varð héraðsdómarinn við þeirri kröfu með úrskurði samdægurs. Við málflutning hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákærvalds, að úrskurður þessi stæði óhaggaður, ef til ómerkingar héraðsdóms kæmi. Eigi eru efni til að fjalla um nefndan úrskurð í þessu máli.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði greiðist úr ríkissjóði svo og allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 23. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá dæmt í sakadómsmálinu nr. 725-727/1989.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og varið 10. þessa mánaðar og dómtekið sama dag, er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæruskjali, dags. 13. september 1989, á hendur Inga Sörensen, nú gæslufanga, til heimilis í Los Angeles, Kaliforníu, kt. 270744-4009, X [...] og Y [...] fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á árinu 1989:

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði Ingi Sörensen, kt. 270744-4009, sæti fangelsi í 4 ár að frádegnum 86 gæsluvarðhaldsdögum og greiði 6/10 sakarkostnaðar, en að auki einn kr. 94.656 í réttargæsluþóknun og kr. 50.400 í málsvarnarlaun til Othars Arnar Petersen hrl. að meðtöldu 12% sölugjaldi.

Þá sæti ákærði Ingi upptöku til ríkissjóðs á kr. 330.000, haldlögðum og upptöku til eyðingar á 60,5 g af kókaíni.

Ákærði X sæti fangelsi í 2 ár að frádegnum 11 gæsluvarðhaldsdögum og greiði 3/10 sakarkostnaðar, en að auki einn kr. 12.320 í réttargæsluþóknun og kr. 50.400 in solidum með ákærða Y í málsvarnarlaun og 12% sölugjald til Arnar Clausen hrl.

Þá sæti ákærði X upptöku til ríkissjóðs á ávísun, að upphæð kr. 25.000, útgefinni 28. júlí sl., á reikning nr. 7038 hjá Sparisjóði vélstjóra og upptöku til eyðingar á 79,9 g af kókaíni.

Ákærði Y greiði kr. 70.000 í fésekt til ríkissjóðs, en sæti í sektar stað 30 daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, og greiði að auki 1/10 sakarkostnaðar utan málsvarnarlauna, sem að ofan getur.

Dómsorðið var þá lesið í réttinum í heyranda hljóði að sakfelldu fjarstöddum.
